

Næfurholt

1. Hvaða lækur er það, sem talað er um í upphafi lýsingar og síðan miðað við?
2. Er vitað, hvers vegna Danskakvos heitir svo?
3. Er einhver sögn um Huldufólkskvos?
4. Hafa menn skýringar á nöfnunum Koltjörn, Kolsýrulaut og Árnahleypa? Hvað er Árnahleypa?
5. Sjást enn rústir af Nýjabæ?
6. Hvaða svæði er nefnt Hraunteigur?
7. Hvers vegna skyldi Krossgjá heita svo? Liggur hún „í kross“ eða er önnur skýring til?
8. Hvað er Norðurból og hvers vegna heitir það svo?
9. Af hverju skyldi Kjálkabugaklettur draga nafn? Getur það verið af lögun?
10. Er vitað, hvers vegna Runkatangi, Ólundarhóll, Vonditangi og Lambatangi heita svo?
11. Hefur verið kirkja í Næfurholti, sbr. Kirkjuflöt og Kirkjugarð? Sést fyrir Kirkjugarði enn?
12. Er vitað, hver Jón Erlendsson var, sem tóftin er kennd við?
13. Hvernig land eru Grálaufsflesur? En Flésur?
14. Hvernig er Myrkviður?
15. Er eitthvað sérstakt við Glerhaus, sem skýrir heiti hans? Eru klettur í honum?
16. Er stundum sagt Ófærigil?
17. Hvers vegna skyldu Gvendargil, Lúsatorfur og Koltorfa heita svo?
18. Hvað eru Beinir og Lata-Lauga og af hverju eru nöfnin komin? Er Lata-Lauga á norðurenda Langafells?
19. Er sögn um nöfnin Loddanef og -vötn?
20. Er nú sagt Þrepskuldur eða Þröskuldur? Hvað er það, sem nefnt var Þrepskuldur?
21. Tindilfell eða Tindilsfell? Á korti eru Tindgil og Tindgilsfell Hvað er rétt?
22. Hvað er Belgur?
23. Hvaða svæði heitir Pæla og hvernig land er það? Hvernig eru (voru) Karki, Brún og Vetrarbúr?
24. Hvernig er Gaplaðsklettur í lögun? Ætli nafnið sé dregið þar af?

25. Er vitað, við hvaða fólk Pórunnargren og Halldórgren eru kennd, og hvert er tilefni nafnanna?
26. Hafa Miðmorgunshnúkur, Dagmálahnúkur og Hádegishamar verið eyktamörk frá núverandi bæjarstæði?
27. „Milli Háfjalls heitir Slakki...“ Hér vantar eitthvað í Hvar á milli er Slakki?
28. Hvar var sel, sem Selhamar og fleira dregur nafn af? Var það frá Næfurholti? Sjást enn rústir?
29. Sést enn fyrir myllu við Myllulæk?
30. Hvað eru Litli- og Stóri-Bringur?
31. Er Skipsteinn líkur skipi í lögun?
32. Hvernig eru Þéttugrjót?
33. Er mikill gróður í og við Ferginistjörn? Var slegið kringum tjörnina?
34. Er sögn um nafnið Loftstjörn?
35. Hvar er Breiðholt? Er þetta stórt svæði?
36. Hvernig er Dvergasteinn og er sögn um hann? En hvernig er Brík vestan í Breiðholti?
37. Staðsetja þarf betur vöðin á bæjarlæknum. Heitir ekki Dvergasteinsvað, sbr. Dvergastein? Er Hraunteigslækur sami lækur og bæjarlækurinn?
38. Var mótak í Næfurholti og þá hvar? Hve margar voru stungurnar? Hvenær var hætt að taka mó?
39. Var rist torf/reiðingur og þá hvar og hvernig einkum notað?
40. Voru álagablettir í landinu, sem ekki mátti nytja, og sagnir um þá?
41. Var ekki einhvers staðar stekkur, ból eða stöðull, þar sem búpeningur var mjaltaður? Hve langt var það frá bæ á að gizka? Hvenær var hætt að færa frá?
42. Vantar einhver örnefni í skrána?

Svör við spurningum Örnefnastofnunar um nokkur örnefni í landi Næfurholts.

1. Lækur þessi heitir **Næfurholtslækur** (289), þar til hann rennur að suðurjaðri Hraunteigs (39), en eftir það Hraunteigslækur (281), unz hann sameinast Rangá.
Hér um slóðir er það málvenja, að sé lækur kenndur við bæ, nefna heimamenn hann ekki fullu nafni, heldur ævinlega Læk eða Lækinn.
2. Rétt mun þetta örnefni vera Dönskukvos (7), raunar „kos“ í framburði, og er kennt við ferðamenn, sem dvöldu þar í tjöldum, sennilega nálægt árinu 1912.
3. Þetta nafn er eingöngu tengt huldufólksstrú, og til skamms tíma voru börn áminnt um góða hegðun og umgengni á þessum stað.
4. Í Koltjörn (18) var sótt svokallað „at“, sem mun vera jurtaleifar, og notað til litunar, og mun nafnið dregið af lit þess.
Árnahleypa (28) mun kennd við Árna Hannesson í Hrólfsstaðahelli, sem einhverju sinni hefur tekið hest sinn til kostanna á þessum stað, sem er slétt grasflöt á suðurbakka Nýjabæjarlækjar. Kolsýrulaut (22) er einn þeirra staða, þar sem kolsýra rann fram í Heklugosinu 1947. Í laut þessari hafði Guðmundur Kjartansson jarðfræðingur slegið tjaldi sínu, og ræsti hann fram lautina með allmiklum skurði, fremur en að hopa fyrir þessum glettum sinnar fornu vinkonu.
5. Á hól skammt frá upptökum Nýjabæjarlækjar (27) má sjá móta fyrir vallgrónum tóttum, smáum.
6. Hraunteigur (39) er skógi vaxið svæði, sennilega nálægt 3.5 ferkílómetrar, og er á tungu, sem verður milli Rangár og Hraunteigslækjar.
7. Þetta nafn er óþekkt af núlifandi mönnum, og við ítrekaða leit hefur engin „krossgjá“ fundizt í Hraunteig.
8. Norðurból (60) er gjögur eitt lítið í klettaröðli norðaustan við svonefnda Öldu (59) í Hraunteig.
9. Kjálkabugaklettur (64) fær nafn sitt af sauð, sem fennti við klettinn, og segir nafnið til litareinkenna sauðarins.
10. Vonditangi (77) verður, þar sem Bakkaskógslækur (76) (svo) rennur í Rangá, og dregur líklega nafn sitt af því, að þar hafi fé verið í hættu, þegar lækurinn hljóp upp í haustbyljum. Lambatangi (81), sem er skógi vaxinn, hefur trúlega verið nýttur til að hemja fráfarulömb, þar sem hann er umflotinn lækjum á þá vegu, sem að byggð vita.
Um hin örnefnin, sem nefnd eru í þessari spurningu, er ekkert vitað.

11. Elzta heimild um kirkju í Næfurholti er frá því um 1200, en árið 1765 er hún lögð niður. Enn sést vel móta fyrir kirkjugarði, sem nýlega hefur verið tekinn í notkun sem heimagrafreitur.
12. Jón þessi Erlendsson bjó í Næfurholti 1833 - 1834, og var tengdasonur Jóns Brandssonar bónda í Næfurholti 1802 - 1812 og 1814 - 1826.
13. Grálaufsflsjur (106) munu hafa verið víðirunnar, sem nú hafa að mestu vikið fyrir birkikjarri.
Flesjur (128) eru mosapembur í hlíðinni upp með Gunnarsholtsgili (114).
14. Myrkviður (111) er skógartorfa, að miklum hluta í snarbrattri hlíð, þétt mjög og ill um að fara.
15. Glerhaus (127) hefur líklega þótt varasamur í hálfu, þegar áfreða gerði. Norðan við hann er Glerhausgil (117), og eru í því allháir hamrar ofan til.
16. Enginn þekkir nú þessa framburðarmynd nafnsins.
17. Gilið er kennt við förumanninn Guðmund rúgbrauðsanda, eða „Anda-Gvend“, og er af því sú saga, að hann þóttist ætla að ganga á Heklu, og sagðist hann hafa komið að „ógurlegu gljúfri“ og orðið frá að hverfa, en gil þetta er örstutt og þar eftir meinlaust að öllu leyti.
Um örnefnið Lúsatorfur (152) er ekkert vitað, en nafn Koltorfu (153) er talið tengjast kolagerð. Koltorfa var skammt suður frá Gamla-Næfurholti, og mun hún hafa eyðzt að fullu kringum 1950. Skammt frá Koltorfu sjást leifar lítilla rústa á malarhól blásnum.
18. Lata-Lauga (161) er klettur á **Langafellstagli** (290), en Beinir (159) nefnist klapparstrýta í slakkanum, sem verður milli Hádegisfjalls (158) og Strillu (157). Um þessi nöfn er ekkert vitað, en freistandi er að tengja Beinis nafnið við Beini þann Sigmundsson, sem sagður er hafa búið í Næfurholti undir lok tólftu aldar.
19. Enginn kann sagnir um þessi örnefni, en helzt mætti hugsa sér, að upphafleg mynd þeirra væri Loddunef og Lodduvötn, þótt ekki sé það nú málvenja hér að nefna össuna loddu.
20. Þröskuldur (171) var klapparhryggur lágur, sem gekk frá Gráfellstagli (182) undir Efra-Hvolshraun (162), þvert á götu þá, sem farin var, þegar menn fóru ríðandi „til Heklu“, en þannig var ætíð tekið til orða um Hekluferðir áður fyrr. Klöpp þessi fór undir hraun 1947. Orðmyndin Þröskuldur er trúlega tilraun skrásetjara til málvöndunar.
21. Ráði málvenja, er Tindilfell (172) hið eina rétta.
22. Belgur (181) er bunga norðan á Gráfelli (180).
23. Pæla (184) heitir innri hluti hrauns þess, sem rann úr Rauðöldum að því er vísir menn telja árið 1390. Fremri hluti hraunsins heitir Norðurhraun, ofan við Selsund, og mun hafa farið

yfir tvo bæi: Eystraskarð og Tjaldastaði. Nöfnum hraunsins skipta Stóristígur () og

Oddagljúfur (291), sem samkvæmt málvenju heitir raunar Gljúfur (183).

24. Gaflaðsklettur (174) dregur að sjálfsögðu nafn af lögun sinni.
25. Þessi nöfn munu eldri en svo, að neitt sé vitað um uppruna þeirra.
26. Vera má, að þessi eyktamörk heyri upphaflega til bæjarstæði því, sem Næfurholt stóð á frá 1845 - 1912. Núverandi bæjarstæði er svo nærri hinu, að varla yrði greindur munur eykta.
27. Slakki (211) heitir, þar sem mætast Bjólfell og **Háls** (292). Háfjall er ekki til þarna sem örnefni.
28. Engar heimildir finnast um sel á þessum stað, utan þau örnefni, sem þarna eru. Austan við Selskarð (206) er mikið af rústum, greinilega mjög misgamlar. Þarna hefur verið fjárhús til skamms tíma.
29. Svonefnd **Myllukofatótt** (293) sést enn á norðurbakka lækjarins.
30. Bringir (235, 236) þessir eru vísast til orðnir við margendurtekin skriðuföll úr Bjólfelli.
31. Eins og nafnið bendir til, má sjá bátslag á steininum frá ákveðnu sjónarhorni.
32. Þéttugrjót (238) eru björg, sum býsna stór, sem oltið hafa úr Bjólfelli, allt niður á jafnsléttu, raunar sum niður að Stórutjörn (244), sem er drjúgan spöl frá fjallinu.
33. Við Ferginistjörn (242) og Krókatjarnir (243) óx áður fyrr hávaxið sef og var slegið. Fyrir allmörgum árum voru tjarnirnar ræstar fram, en nú er unnið að því að bæta úr þeim spjöllum.
34. Engum er kunnugt um, að svo sé.
35. Breiðholt (249) er vestan við Hóla, og hefur nú allt verið ræktað til túns. Ætli það sé ekki nálægt 15 ha að stærð.
36. Dvergasteinn (250) er allstór hamar í suðurbakka Næfurholtslækjar (289), sem þarna rennur í alldjúpum farvegi, grasi grónum að öðru leyti. Engin sögn er þekkt um steininn. Brík (256) er grasbrekka snarbrött, var áður vaxin birkikjarri. Bríkin er norðvestan í Breiðholti.
37. Vöð á læknum eru: Heimavað (275) suður af Næfurholti, **Tangavað** (294) litlu vestar, Dvergasteinsvað (276) skammt austan við Dvergastein (250), Krókvað (277) í stefnu á Breiðholt (249) frá Næfurholti, Ærvað (278) fyrir miðju Hólatúni (259), Flatavað (279) við Stekkatún (263), þar sem nú er Hólabærinn, og Vagnvað (280) við **Móberg** (295), sem er sumarhús skammt frá Hólum.
[Sjá svar við sp. 1 vegna seinni hluta spurningarinnar.]
38. Nei.
39. Torf var rist mest í Nesinu og notað á hey, svo og undir þökur á kofapök, og sneri þá svörðurinn niður.

40. Nei.
41. Stekkatún (263) er eina örnefnið, sem bendir til þess. Það er rúmlega 1 km frá Næfurholti, en 2,5 km frá Gamla-Næfurholti.
42. Já.

Nokkur áður óskráð örnefni í landi Næfurholts.

Á **Gamlatúni** (296) heita **Tættur** (297), þar sem bærinn stóð frá 1845 til 1912. Niður frá þeim, allt niður að læk, eru **Gömlutraðir** (298), og hefur Heimavað (275) eflaust verið við enda þeirra. Skammt sunnan við Tættur er **Gráskjónatótt** (299). Norðan við Myllulækinn (227) er Myllukofatótt (293). Ofan við Gamlatún heitir **Milli garða** (300). Þar hefur yngri garður verið hlaðinn nær fjallinu. Á Heimatúni er **Heygarður** (301), austur af bænum, fremst á Lambhústúni (6), og þar skammt fram af **Tappakofatótt** (302). Austast á Bala (8), sem bærinn stendur á, var **Blindalaut** (303), og var oft tekið þar vatn í leysingum. Blindalaut varð á sínum tíma jarðabótum að bráð.

Tangavað (294) er, þar sem lækurinn tekur stefnu til norðvesturs frá Bjólfelli. Þar sem lækurinn rennur innan með Hálsi (292), eru í honum stiklur, og heitir þar **Steinbogi** (304). Þá eru og **Halldórsstíflur** (305) í Hraunteigslæk (281) vestan við Þrengslistorfu (272), kenndar við Halldór bónda í Hraunteig, sem mun hafa gert þær til að komast þurrum fótum til húsa á veturnum.

Milli Stóra- (236) og Litla-Brings (235) verður nokkur hvammur, og heitir **Milli Bringja** (306), af sama toga er nafngiftin **Milli Breiðholta** (307).

Vestan við Runkatanga (69) er **Gatklettur** (308). **Markhlíðartorfur** (309) heita grastorfur upp af vesturenda Markhlíðar (124), en vestur af þeim, í hraunkrika, þar sem **Stígurinn** (310) yfir Næfurholtshraun kemur norður af, er stakur klettur, sem heitir **Grettistak** (311).

Í hlíðinni inn með Rangá, innan við Glerhausvað (285), eru **Glerhaustorfur** (312) móti norðvestri.

Selsundi, 7. september 1992,
Sverrir Haraldsson.

Stafrófsskrá örnefna.

Blindalaut 303
Gamlatún 296
Gatklettur 311
Glerhaustorfur 312
Gráskjónatótt 299
Grettistak 308
Gömlutraðir 298
Halldórsstíflur 305
Háls 292
Heygarður 301
Langafellstagl 290
Markhlíðartorfur 309
Milli Breiðholta 307
Milli Bringja 306
Milli garða 300
Móberg 295
Myllukofatótt 293
Næfurholtslækur 289
Oddagljúfur 291 = 183
Steinbogi 304
Stígur 310
Tangavað 394
Tappakofatótt 302
Tættur 297